

Nemendur með íslensku sem annað mál

Skýrsla kennsluráðgjafa skólaárið 2012 - 2013



Helga Hauksdóttir



Inngangur

Það var í kringum 2000 sem nýbúadeild var stofnuð við Oddeyrarskóla. Þá voru mjög fáir erlendir nemendur í grunnskólum Akureyrar sem voru í þeirri stöðu að þurfa að tileinka sér nýtt mál, aðlagast nýjum siðum, menningu og vinahópi. Á næstu árum fjölgaði mjög í deildinni og þar voru oftast um og yfir 20 nemendur, eða um 10% af nemendafjölda skólans. Einnig fjölgaði erlendum nemendum í öðrum skólum bæjarins og þar voru líka nemendur sem fluttu heim eftir langa dvöl erlendis og nemendur sem áttu annað eða bæði foreldri erlent.

Árið 2012 hafði því verið nýbúadeild – eða móttökudeild fyrir nemendur með íslensku sem annað mál – í Oddeyrarskóla í meira en áratug. Það eru alltaf bæði kostir og gallar við slíkt fyrirkomulag. Kostirnir eru m.a. þeir að erlendir nemendur hafa styrk hver af öðrum. Það er gott fyrir nemendur að vita af einhverjum sem talar móðurmál þeirra í skólanum og geta átt samskipti á því máli. Hins vegar getur verið hætt á því að erlendir nemendur einangrist ef margir tala sama tungumál; þeir leiti ekki í félagsskap íslenskra bekkjarfélaga og íslenskunámið taki þá lengri tíma.

Það var ákvörðun skólanefndar Akureyrar að breyta fyrirkomulagi á móttöku erlendra nemenda, þannig að þeir færu frekar í sína hverfis skóla. Þegar vel tekst til geta allir „grætt“ á slíku fyrirkomulagi. Íslenskir nemendur læra að setja sig í spor þeirra erlendu; þeir heyra erlent tungumál og geta ef til vill lært eitthvað í því og þeir aðstoða nýjan nemanda við að komast inn í íslenskt umhverfi. Kennarar þurfa auðvitað að glíma við kennslu á enn fjölbreyttari hátt en áður; leggja áherslu á samræður, samvinnu, nota bendingar, sýnikennslu og sjónrænt efni en slíkt hentar ekki aðeins erlendum nemendum, heldur öllum hinum líka.

Við megum þó ekki gleyma því að erlendir nemendur þurfa sérstaka aðstoð með íslensku í upphafi. Það tekur mörg ár að læra tungumál á þann hátt að viðkomandi geti lesið fræðilegan texta, t.d. í lesgreinum unglingsstigs og er oft talað um 7-10 ár. Við megum ekki láta það blekkja okkur að nemendur eru nokkuð fljótir að ná þeirri færni að geta haldið uppi samræðum um daginn og veginn, þeir þurfa áfram aðstoð við að læra flókin hugtök og formlegt málfr kennslubóka.

Ágúst 2012

Ráðning kennsluráðgjafa tók gildi 16. ágúst 2012. Nefnd sem hafði unnið að undirbúningi þessa starfs hafði sett fram hugmynd að helstu viðfangsefnum og var ákveðið að ganga út frá þeim tillögum í upphafi.

Svo vel hittist á að dagana 16. og 17. ágúst var námskeið á vegum Ísbrúar í Reykjavík undir yfirskriftinni „Kennarinn, tæknin og verkfærin“. Það var því fyrsta verk mitt að sækja það námskeið sem var mjög gagnlegt. Þar voru kynnt ýmis forrit og vefir sem hægt er að nýta með börnum til að auka orðaforða og örva tjáningu á íslensku máli.

Vikan 20. – 24. ágúst var fyrsta vikan mín í vinnu á skóladeildinni. Ég kom mér fyrir á nýjum stað, hitti nýtt samstarfsfólk og kynntist ýmsum vinnureglum Skóladeildar. Einnig

byrjaði ég á því að hitta kennara sem óskuðu eftir að hitta mig vegna nemenda þessa fyrstu viku og fór í tvær skólaheimsóknir.

Vikuna 27. – 31. ágúst fór ég aftur í tvo skóla til framhaldsfunda við kennara vegna nemenda. Einnig byrjaði ég á vinnu við gerð vefsíðu fyrir kennara sem hafa nemendur með íslensku sem annað mál í bekkjum sínum. Með góðri aðstoð Hjörleifs Hjálmarssonar sóttist sú vinna nokkuð vel. Ég ákvað líka að fara að afla gagna sem ég gæti sýnt kennurum í heimsóknum og keypti spil og ýmis námsgögn. Hafði samband við Bókasafnið í Árborg til að ganga frá skipulagi á því að fá lánaðar pólskar bækur f. grunnskólana og eins hafði ég samband við Sigríði hjá HÍ sem heldur utan um kennsluvefinn Kötlu en hún var tilbúin til að bjóða Akureyrarbæ eina áskrift fyrir alla grunnskólana, þannig að hver skóli þyrfti ekki að kaupa áskrift fyrir sína nemendur. Það fór svo þannig að ég ákvað að bíða með Kötluvefinn og nú (vor 2013) er ákveðið að vefurinn verði opinn, án áskriftar. Vona að það verði komið til framkvæmda haustið 2013.

Septembermánuður

Í fyrstu viku september tók ég skurk í vefsíðugerðinni og kláraði hana þannig að við Hjörleifur tengdum vefinn og opnuðum miðvikudaginn 5. september. Vefurinn hefur svo vaxið og dafnað í vetur og nú er að finna þar ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir kennara (sjá www.akmennt.is/erlendir).

Ég ákvað að skrifa skólastjórum tölvupóst og óska eftir tilnefningum hvers skóla á tengilið sem ég get haft samband við til skrafs og ráðagerða. Boðaði tengiliði á fund og sendi í fundarboðinu uppkast af starfslýsingu þeirra (sjá fylgiskjal I). Erfiðlega gekk að finna tíma sem hentaði og fundurinn komst loks á í 3. tilraun, föstudaginn 21. september.

Ég var einnig í samstarfi við Zane Brikovsku hjá Alþjóðastofu Akureyrarbæjar og hitti hana og Kristínu hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur á Amtsbókasafninu til að heyra hvernig starf færi fram á Borgarbókasafni með erlendum börnum og foreldrum þeirra.

Zane kom og hitti mig og við ræddum ýmis mál sem hún hefur verið að hugsa um, t.d. hvernig eigi að ná til erlendra kvenna sem gjarnan eru einar heima og tengjast lítið. Ég bauð mig fram sem sjálfboðaliða sem hitti erlenda íbúa bæjarins til að æfa daglegt mál og samtöl yfir kaffibolla.

Um miðjan september fór ég í Oddeyrarskóla, hitti nemendur og kennara . Fer núna sérstaklega í Oddeyrarskóla og Lundarskóla.

Kennarar í 2. bekk í Naustaskóla óskuðu eftir ráðgjöf og ég fór og hitti þær og þroskaþjálfar sem vinnur með þeim. Kynnti þær fyrir Voki.com /Puppet pals/ Papa moll spilunum og Íslensku á allra vörum. Lét þær hafa myndaspjöld til að æfa orðaforða, tjáningu og framsögn. Góður og ánægjulegur fundur.

Ákveðið að ég hitti nemanda í 10. bekk í Hlíðarskóla tvisvar í mánuði, á milli kl. 11:00 og 12:00 á föstudögum.

Nokkrar heimsóknir sem ég fékk í september, vegna ýmissa erinda:

Skýrsla kennsluráðgjafa vor 2013

- Erlend móðir kom og spurði um leiðir til að athuga með vinnu í leik- og grunnskólum.
- Leikstjóri hringdi til að athuga með barn af erlendum uppruna til að leika í sjónvarpsþætti.
- Meistaraprófsnemi kom til að spjalla um tvítýngi, fjölmenningu og nálgun á verkefni sínu.
- Pólskur doktorsnemi kom til að ræða um stöðu pólskra nemenda í grunnskólum.
- Hulda Karen Daníelsdóttir kom og var með erindi um PALS lestrarkennsluaðferð á þingi BKNE.
- Kennari erlendra nemenda á Dalvík kom til skrafs og ráðagerða og til að skoða námsefni.

Októbermánuður

Mánuðurinn byrjaði með umhugsun um lesefni og verkefni fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Ég á verkefni sem ég gerði við bækur Ingibjargar Eiríksdóttur: Vala og vinir hennar og Heima hjá Völu. Þetta eru fallegar bækur með auðveldum texta og myndum sem gott er að ræða um. Kom þessum verkefnum á tölvutækt form og setti á vefinn.

Á fundi með fræðslustjóra var rætt um það sem framundan væri og einnig um að ég tæki saman tölulegar upplýsingar frá skólunum um fjölda erlendra nemenda – ég þarf líka að biðja skólustjóra um að senda mér þær upplýsingar sem þeir hafa gefið vegna umsóknar til jöfnunarsjóðs.

Ákvað einnig að byrja að senda út fréttabréf, t.d. tvisvar á önn með upplýsingum um starfið – það sem hefur unnist og það sem er á döfnni. Útfærslan var svo sú, að frá og með nóvembermánuði hef ég sent út fréttabréf mánaðarlega til allra grunn- og leikskólakennara, auk kennsluráðgjafa fjölskyldudeildar og kennara við HA, sem sjá t.d. um Byrjendalæsi. Blaðið heitir „**Svíðu litla, létta blað...**“ og tákn þess er fiðrildi sem hefur lönd heimsins í vængjum sínum.



Fréttabréfið er einnig sett á heimasíðuna og eftirfarandi er haft að leiðarljósi við skrif þess:

- Fróðleiksmolar í fræðilegri kantinum, vitnað til rannsókna og skrifa um máltileinkun annars máls og um fjölmenningu.
- Sagt frá því hvernig kennarar í grunnskólum bæjarins eru að vinna með erlendum nemendum inni í bekkjum.
- Myndir af vinnu nemenda, þar sem áhersla er lögð á að allir nemendur njóti sín.
- Bent á nýjar upplýsingar sem koma inn á heimasíðuna, t.d. námsefni, túkalistar, upplýsingar á erlendum málum o.fl.
- Sagt frá siðum og venjum þeirra landa sem nemendur í grunnskólum bæjarins koma frá.
- Annað sem rekur á fjörur mínar hverju sinni.

Í október fór ég og hitti tvo nemendur í 10. bekk til að benda þeim á leiðir til að auðvelda sér nám á eigin spýtur, s.s. orðalista þar sem hugtök í náttúrufræði og sögu eru útskýrð á erlendum málum, t.d. mjög vel á pólsku.

Í október fékk ég senda bæklinga á ýmsum málum frá Renötu í félaginu **Móðurmál** þar sem foreldrar eru hvattir til að viðhalda fyrsta máli barns síns þannig að tvítyngi verði raunverulegt og virkt.

Þriðjudaginn 9. október var námskeið í HA um notkun I-pad í kennslu og ég fór þangað. N

Tengt vinnu að þessum málaflokki er sjálfboðastarf sem ég byrjaði að sinna í október en þar hitti ég konu frá Búlgariu síðdegis, einu sinni í viku á kaffihúsi til að æfa samræður á íslensku. Þessi kynni hafa gefið mér innsýn í líf erlendra fjölskyldna hér í bænum og hvað það getur verið erfitt að kynnast Íslendingum og eiga þar með samskipti á íslensku en mikilvægasta forsenda máltileinkunar er málnotkun. Oft virðist það vera svo að erlendir íbúar bæjarins hafi ekki mörg tækifæri til að þjálfna málnotkun sína í samtölum við Íslendinga.

Í október fengum við þýðingu á móttökuvíðtali nemenda á pólsku og var það mjög gott að foreldrar upplifi sig ekki algjörlega hjálparvana í slíkri „pappírsvinnu“.

Benedikt Barðason, kennari við VMA, hafði samband vegna umsóknar kennara skólans um styrk til menntamálaráðuneytis um fjölbreytt námsframboð til nemenda með íslensku sem annað tungumál. Skrifaði texta í umsókn sem fulltrúi skóladeildar sem meðumsækjandi styrks.

Nóvembermánuður

Í nóvember lagði ég áherslu á vinnu í tengslum við leiðsagnarmat og þýðingu á því. Ákveðið að láta þýða einn grunn leiðsagnarmats fyrir alla grunnskólana og það var sett á heimasíðuna á PDF formi en kennurum bent á að fá það sent í word skjali til að eiga kost á því að laga það eftir sínum þörfum.

Í nóvember tók ég einnig að mér stundakennslu við framhaldsdeild HA í áfanga um máltöku hjá Halldóru Haraldsdóttur. Þar voru nemendur mjög áhugasamir um fjölmenningu og tvítyngi. Kynnti heimasíðuna sem fékk mjög jákvæð viðbrögð.

Í nóvember heimsótti ég kennara sem óskuðu eftir aðstoð í öllum skólum bæjarins nema Brekkuskóla og lagði bæði áherslu á leiðir í kennslu og eins var rætt um mikilvægi virks tvítyngis og að foreldrar viðhaldi móðurmáli. Dreifðum bæklingi félagsins www.modurmal.com eins og kostur var til foreldra, t.d. á foreldrafundum sem voru víða í nóvembermánuði.

Þann 23. nóvember var fundur með tengiliðum grunnskólanna. Þar var m.a. rætt um þá hugmynd að gera tíma í Frístund hluta að móttökuáætlun yngstu nemenda til að styðja við þá félagslega og auka samveru þeirra í frjálsum leik eftir skólatíma. Sendi ég erindi þess efnis til fræðslustjóra en þetta væri frábært framfaraskref í þjónustu við þessa nemendur (sjá fylgiskjal 2).

Seinni hluta nóvember fór ég einnig í að safna saman jólakveðjum á tungumálum allra nemenda í bænum og að undirbúa jólavef inni á heimasíðunni.

Í lok nóvember kom beiðni frá aðstoðarskólustjóra Dalvíkurskóla um að koma á kennarafund og ræða um fjölmenningu og kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Ákveðið að stefna að þeim fundi í janúar 2013.

Desember

Í desember vann ég ýmsa þætti sem tengdust jólum og útjó sérstaka undirsíðu með ýmsum upplýsingum og verkefnum sem tengdust jóluunum. Það var t.d. fræðsla um jólahefðir annarra landa, s.s. um heilagan Nikulás en hann er verndari barna víða í Evrópu og kemur með gjöf handa þeim þann 6. Desember, heilaga Lúsíu o.fl.

Í desember byrjaði ég líka að hitta aðeins nemanda í 8. bekk Glerárskóla og fundaði með kennurum, bæði í Giljaskóla og Lundarskóla.

Ræddi við Elínu Jónsdóttur og Helgu Vilhjálmsd. um skörun minnar vinnu og þeirrar, þ.e. nauðsyn samstarfs við fjölskyldudeild en oft eru málefni nemenda í vinnslu bæði hjá fjölskyldu- og skóladeild. Ég legg meiri áherslu á ráðgjöf við kennslu og námsefni en þær koma að málum á annan hátt, t.d. með framkvæmd greininga. Allir þurfa samt að vera samstíga og nauðsynlegt að hafa samstarf á milli deilda. Ræddum um hvort við ættum að hafa fasta fundartíma en ekkert varð úr því.

Ég reyni að hafa samband við sem flesta sem þurfa að koma að málum nemenda – t.d. sendi ég öllum hjúkrunarfræðingum og riturum grunnskóla póst um viðbrögð við höfuðlús á nokkrum erlendum málum.

Haft var samband við mig vegna fjárhagserfiðleika erlendrar fjölskyldu. Ég skrifaði fjölskyldudeild til að afla upplýsinga um leiðir til að fá aðstoð. Hafði einnig samband við Svavar A. Jónsson hjá Akureyrarkirkju, hitti hann og fékk góðar móttökur og aðstoð. Ég heimsótti svo fjölskylduna þann 22. desember og það var góð tilfinning að við gætum orðið að liði, þar sem þess var þörf.

Janúar

Í janúar heimsótti ég grunnskólann á Dalvík og var þar með fræðslu um tvítyngi og fjölmenningu fyrir allt starfsfólk skólans. Það gekk vel og ég hef safnað saman ýmsum upplýsingum sem hægt er að nota í kynningar af þessu tagi.

Í byrjun janúar fékk ég pólska foreldra og son þeirra í heimsókn til mín en fjölskyldan er að flytja í bæinn. Þau komu til landsins síðasta sumar. Strákurinn fer í Oddeyrarskóla, skv. ósk foreldra og ég fór með þeim þangað og var í framhaldinu að vinna með kennara bekkjarins og var með drenginn í íslenskukennslu alla daga vikunnar alveg til vors en fjölskyldan fór í frí til heimalandsins um miðan maí.

Mánudaginn 21. janúar fór ég suður og var á fundi með Huldu Karen og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur á menntavísindasviði, þar sem við ræddum sérstaklega um skipulag gagnabanka og fyrirkomulag hans. Ákváðum að byrja að flokka efni sem hefur verið sent H.K. og koma því í nýtingu. Nú á vordögum erum við enn með samviskubit yfir því að hægt hefur gengið með þessa fyrirætlanir okkar en við höfum ekki gefist upp og þetta verkefni er enn á dagskrá.

22. og 23. janúar var ég í staðlotu við menntavísindasvið HÍ í 10 ECTS áfanga, **Íslenska sem annað mál**. Alls voru 4 dagar sem ég þurfti að sækja staðlotur á önninni vegna þessa en ég tel þeim tíma vel varið, enda í beinni tengingu við starf mitt. Mjög góður áfangi sem vakti mig til umhugsunar um ýmsa þætti íslenskukennslu, auk þess sem ég las mér mikið til um efnið. Hugtakið tvítyngi felur í sér margar víddir sem hægt er að velta fyrir sér út frá ólíkum sjónarhornum.

Átti fund með Zane hjá Alþjóðastofu. Við ræddum um stöðu fólks af erlendum uppruna í bænum og ég bauð henni að hún mætti hafa samband við mig ef hana vantaði fólk til að aðstoða, t.d. þegar nýtt fólk væri að flytja til bæjarins og þyrfti einhverja kynningu á bænum. Ræddum einnig útgáfu á bæklingi um skóla og þjónstu bæjarins Ákváðum að það væri gott „sumarverkefni“ og ætlum að heyrast aftur með það þegar vorar.

Fundur með tengiliðum skólanna var 25. janúar. Fulltrúar fjögurra skóla af 5 mættu. Góður fundur og fundagerð sett á heimasíðu. Ekkert sérstakt brann á kennurum.

Í lok janúar byrjaði ég að vinna með kennurum Giljaskóla að undirbúningi komu erlends nemanda f. Hitti foreldra og nemanda með kennurum á fundi 30. janúar.

Febrúar

Setti niður stundaskrá með kennurum Giljaskóla og ég kem og er með nýjum nemanda í vinnu sem tengist íslensku á hverjum degi. Samtímis hætti ég að hitta nemanda í 9. bekk í Lundarskóla og nemanda í 2. bekk í Síðuskóla.

Er núna að kenna um 18 tíma á viku í Glerárskóla, Oddeyrarskóla, Giljaskóla og Hlíðarskóla. Held áfram tengslum við Lundarskóla og Síðuskóla þó svo að ég sé ekki að kenna þar núna.

Þann 19. febrúar mætti ég á kennarafund í Lundarskóla og kynnti fyrir þeim heimasíðuna og fór yfir helstu verkefni mín.

Mars

Kom sem gestafyrirlesari tvo tíma í framhaldsnám við HA þar sem fjallað var um jafnrétti og fjölmenningu. Skemmtilegir tímar og nemendur áhugasamir.

Þann 13. mars var fundur hjá Alþjóðastofu þar sem fulltrúar frá ráðuneyti komu og kynntu frumvarp að lögum um útlendinga (Halla Gunnarsdóttir, ásamt lögfræðingi).

Þann 14. mars fór ég suður á fund með Hudu Karen þar sem meðal annars var rætt um skipulag og áherslur á fræðslufundi Ísbrúar sem er áætlaður 15.-16. ágúst.

Mánuður tímaúthlutana fyrir næsta skólaár. Sendi tölvupóst til Líneyjar með fyrirspurn m hvort stjórnendur hefðu látið vita um þarfir vegna erlendra nemenda fyrir næsta vetur. Hafði samband við alla stjórnendur og við fórum saman yfir nemendalista og settum fram óskir um tímaúthlutun.

Apríl

Áframhald á fundum með kennurum og foreldrum, bæði í Glerárskóla og Brekkuskóla.

Þann 5. apríl var fundur með tengiliðum skólanna.

Þann 17. apríl var fundur um hvernig standa eigi að túlkaþjónustu með Zane í Alþjóðastofu og Ingu Þöll bæjarlögmanni. Starfsfólk Heilsugæslu hefur velt fyrir sér hvort okkur sé alltaf skylt að útvega túlka, jafnvel þó að fólk hafi dvalið hér árum saman. Ákveðið að koma upp leiðbeiningum til viðmiðunar en hvert mál er auðvitað einstakt og það þarf að meta mikilvægi þess að upplýsingar komist til skila.

Ég keypti sænskt málproskapróf, Lundamaterialet, sem byggir mikið á myndum og hentar vel fyrir nemendur leik- og grunnskóla. Kennarar Oddeyrarskóla nýttu það fyrir nemendur 1. bekkjar og einnig lánði ég það til Dalvíkur. Kennarar sögðust ánægðir með notkun þess.

Maí

Þann 10. maí kom nemandi frá Tailandi til mín ásamt föður sínum. Hann hefði átt að vera í 10. bekk í vetur. Við heimsóttum Brekkuskóla og hittum þar stjórnendur, námsráðgjafa og kennara í ensku, stærðfræði og lífsleikni. Nemandinn mætti svo í skólann mánudaginn 13. maí. Ég hitti hann alla daga það sem eftir lifði skólaárs, í íslenskukennslu.

Þann 15. maí fór ég í heimsókn í Lundarskóla og ræddi við 9. bekkinga um fjölmenningu og fordóma. Það gekk mjög vel og krakkarnir voru áhugasamir.

Í maímánuði var ég að ljúka kennslu með tvo nemendur á unglingastigi sem ég var sérstaklega að aðstoða með líffræði. Báðir tóku próf og hafa staðið sig vel í vetur. Sérstaklega sé ég hvað umræður, myndræn framsetning og upprifjun skipta þennan hóp nemenda miklu í sambandi við skilning.

Síðasti fundur með tengiliðum skólanna var þann 24. maí og þar fórum við aðeins yfir skil mín til skólanna að vori, ræddum um hvort festa ætti fræðslu í vissa bekk næsta vetur o.fl. Í maímánuði jókst kennsla mín afur og var lengst af um 14 tímar á viku í Brekkuskóla, Oddeyrarskóla, Lundarskóla og Hlíðarskóla.

Júní

Í fyrstu viku júnímánaðar sendi ég skýrslu til skólastjórnenda allra grunnskóla Akureyrar (nema til Hríseyjar og Grímseyjar) þar sem ég gerði grein fyrir starfi mínu fyrir viðkomandi skóla í vetur. Einnig sendi ég skýrslu um kennslu þeirra nemenda sem ég sinnti sérstaklega. Fékk viðbrögð frá tveimur skólum en vona að stjórnendur gefi sér tíma til að fylgjast aðeins með þessum hluta starfsins í skólunum.

Þann 6. júní fór ég suður á fund með Huldu Karen og Önnu Guðrúnu Júlíusdóttur, kennara í móttökueild Álfhólsskóla í Kópavorgi. Rætt um skipulag námskeiðs Ísbrúar þann 15. og 16. ágúst en þar mun ég ræða um kennsluaðferðir sem gagnast til að kenna erlendum nemendum orðaforða námsgreina.

Í júní var ég einnig á fundi með nemanda og foreldri í VMA þar sem við ræddum við námsráðgjafa um þær leiðir sem standa nemendum með litla íslenskukunnáttu, til boða.

Verkefni sumarsins: Vinna við gagnagrunn í samvinnu við Huldu Karen og Þorbjörgu. Áframhaldandi vinna við aðlögun námsefnis, t.d. Hrafinkelssaga Freysgoða. Skoða námsefni

unglingastígs í 9. bekk næsta vetur fyrir erlenda nemendur sem verða þar. Einnig verð ég eitthvað með íslenskukennslu tailensks nemanda sem kom hingað í apríl og fer í VMA í haust.

Litið til framtíðar

Ég held að verkefnin séu næg í starfi kennsluráðgjafa. Ég held að kennarar séu enn að átta sig á hlutverki kennsluráðgjafa og mér finnst ég í rauninni þurfa að vinna enn meira með kennurum.

Það væri gaman að setja saman rafrænan bækling um skóla Akureyrar, þá þjónustu sem er í boði, t.d. Frístund og mótuneyti á nokkrum tungumálum fyrir foreldra. Þar gætu líka verið upplýsingar um sundlaug, bókasafn og íþróttir sem eru í boði fyrir börn og unglínga.

Aðlögun námsefnis og miðlægur verkefnabanki eru líka verkefni sem alltaf þurfa að vera í endurskoðun, ásamt með námsmati og leiðum til að meta stöðu erlendra nemenda.

Vinna kennsluráðgjafa ætti því að vera gefandi, skapandi og spennandi næstu árin 😊

Skýrslur til stjórnenda grunnskólanna

Skýrsla um vinnu mína sem tengist hverjum grunnskóla var send til allra skólastjórnenda í lok skólaársins. Þar var yfirlit yfir helstu verkefni í hverjum skóla og einnig skýrslur um vinnu mína með hverjum nemanda fyrir sig.

Skýrsla kennsluráðgjafa vor 2013

Fylgiskjal 1

Tillögur undirbúningsnefndar um mótun á nýju starfi

Helstu áherslupættir í starfi kennsluráðgjafa

Starf kennsluráðgjafa er nýtt og ómótað en í upphafi er gengið út frá eftirtöldum áherslupáttum:

Tengsl við skóla:

Stýrir móttökuvíðtali í viðkomandi skóla ásamt skólastjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum og tengilið skólans. Gert er ráð fyrir að ráðgjafinn sé búinn að undirbúa víðtalið með starfsfólki skólans auk þess að vera búinn að afla allra upplýsinga sem þarf varðandi viðkomandi nemanda. Aðstoðar víðtökuskóla við mat á stöðu nemanda við innritun.

Hefur yfirsýn yfir þá nemendur sem eru í skólum bæjarins og falla undir skilgreiningu nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Er ráðgefandi fyrir kennara um nám og kennslu (kennsluaðferðir, skipulag, námsefni o.fl. þess háttar).

Heldur reglulega fundi með öllum tengiliðum skólanna eða með einstökum kennurum ef þess er óskað.

Stuðlar að því að næg fræðsla, námskeið og þróunarverkefni séu í boði fyrir viðkomandi kennara.

Vinnur að verkefnum með hverjum skóla s.s. námsmati, aðlögun námsefnis, fjölmenningarverkefnum og foreldrasamstarfi.

Sér til þess að á vorönn sé farið yfir hvaða nemendur þurfi séraðstoð í íslensku á næsta skólaári og mat lagt á fjölda kennslustunda.

Safnar saman gögnum og setur upp miðlægan gagnagrunn sem skólarnir hafa aðgang að.

Stuðlar að því að nemendur fái kennslu í sínu móðurmáli, t.d. í gegnum fjarkennslu eða eins og kostur er hverju sinni.

Tengsl við heimili:

Upplýsir foreldra um skólakerfið, aðstoðar við skólalag og kemur á móttökuviðtali í þeim skóla sem verður fyrir valinu.

Tryggir eftirfylgd með barninu; með heimsókn inn á heimili (ráðgjafi og umsjónar-kennari) og að unnið sé eftir áætlun sem ákveðin var í upphafi og hún sé endurskoðuð eftir þörfum.

Leiðbeinir aðstandendum barna í skólunum um möguleika á íslenskukennslu fyrir fullorðna.

Önnur verkefni:

Að búa til handbók og staðfæra bæklinga sem til eru um skólastarf hjá Akureyrarbæ.

Er í samstarfi við Fjölskyldudeild, Alþjóðastofu, Innflytjendaráð, HAK, Miðstöð skólaþróunar, verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurborg vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál, Símei.

Er í samstarfi við íþróttafélögin og aðra sem skipuleggja frístundastarf fyrir börn og unglunga.

Fylgiskjal II

Tengiliðir grunnskóla við kennsluráðgjafa v. nemenda með íslensku sem annað tungumál

Hlutverk:

- Að vera tengiliður á milli kennara síns skóla og kennsluráðgjafa og vera ráðgefandi í því hvaða verkefni þurfi að hafa forgang í starfi kennsluráðgjafa (ath. Þetta snýr einkum að heildarskipulagi – allir kennarar geta að sjálfsögðu haft beint samband hvenær sem er milliliðalaust)
- Að hafa yfirsýn yfir hvaða nemendur og kennarar hafa mesta þörf fyrir aðstoð hverju sinni í sínum skóla
- Að funda með kennsluráðgjafa a.m.k. tvisvar sinnum á önn þar sem farið er yfir stöðu mála og hvort þörf er á endurskoðun eða breytingum, t.d. hvað varðar vinnu kennsluráðgjafa með kennurum skólanna, önnur verkefni, s.s. aðlögun námsefnis o.fl.
- Tekur þátt í mati á stöðu innan hvers skóla á vorönn þar sem þörf fyrir aðstoð næsta skólaárs er skoðuð og metin
- Er sá aðili sem kennsluráðgjafi getur leitað til og borið undir útfærslu á ýmsum verkefnum sem hann sinnir í þágu nemenda og kennara
- Hugmyndavinna um einstök verkefni, t.d. tungumáladag, menningarmót o.fl. Hugmyndir um fræðslu sem þarf að útvega kennurum o.fl.
- Fagleg umræða, upplýsingaflæði og aðstoð við þróun á nýju starfi og skipulagi á kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í bænum.

Fylgiskjal III

Karl Frímannsson, fræðslustjóri
Skólanefnd Akureyrar

Erindi:**Tilboð um dvöl í frístund sem hluti af móttökuferli yngstu nemenda með íslensku sem annað mál.**

Skólaárið 2012-2013 eru 96 nemendur í grunnskólum bæjarins sem búa við erlent eða blandað málumhverfi á heimilum sínum. Í 1. bekk eru þessir nemendur 16 og í 2. bekk eru þeir 11. Ef aðeins eru taldir þeir nemendur 1. og 2. bekkjar sem búa alfarið við erlent málumhverfi á heimili eru þeir 13 talsins.

Kennsla í íslensku sem öðru máli er ekki einungis tungumálakennsla, heldur þarf að leggja áhersla á að þjálfar nemendur í daglegu máli og menningarfærni og stuðla að félagslegri vellíðan þeirra.

Þó að kennarar sinni lykilhlutverki í kennslu íslensku, skiptir umhverfi barnanna miklu. Tækifæri erlendra nemenda til samskipta við íslensk börn er ómetanlegt og mikið nám fer fram í gegnum frjálsan leik.

Ef erlendir nemendur yngstu bekkja grunnskólans eru ekki í frístund eftir skóla, heldur dveljast mest á heimilum með fjölskyldum sínum dregur úr tækifærum þeirra til að umgangast jafnaldra sína utan skóla og hætta á einangrun eykst og notkun íslensks máls minnkar. Kennarar hafa látið í ljós áhyggjur sínar af þessari stöðu nemenda sinna.

Erindi mitt er því að kanna möguleika á því að Akureyrarbær taki þá afstöðu að styðja við nemendur með íslensku sem annað mál, bæði námslega og félagslega með því að bjóða foreldrum nemenda í 1. og 2. bekk upp á dvöl í frístundum skólanna fyrir börn sín, t.d. einu sinni í viku í tvo klukkutíma. Með því móti tryggjum við

Best væri ef hægt væri að bregðast skjótt við og bjóða slíka þjónustu frá janúar 2013.

Með bestu kveðju og von um jákvæð viðbrögð.

Helga Hauksdóttir,
kennsluráðgjafi á skóladeild.